

Minnisblað – umbætur í kjaraviðræðum

MÓTTAKANDI: ÞJÓÐHAGSRÁÐ

SENDANDI: FRÍÐRIK JÓNSSON, FORMAÐUR BHM


EFNI: HLUTVERK RÍKISSÁTTASEMJARA OG UMBÆTUR Í KJARAVIÐRÆÐUM

DAGSETNING: 23. FEBRÚAR 2022

Að mati BHM skiptir miklu að aðilar þjóðhagsráðs eigi opinskátt samtal um hvernig styrkja megi hlutverk ríkissáttasemjara og auka skilvirkni við gerð kjarasamninga, með hag alls samfélagsins að leiðarljósi:

- ✓ Samkvæmt nýlegri skýrslu Kjaratölfræðinefndar hafa 326 kjarasamningar verið gerðir í kjarasamningalotunni. Að meðaltali voru 530 á kjörskrá um hvern samning. Fjölmörg dæmi eru um að samningur hafi verið gerður við færri en 5 einstaklinga.
- ✓ Áhrif þessa flækjustigs birtast m.a. í miklum töfum við kjarasamningsgerð á Íslandi. Hjá BHM liðu t.a.m. um 354 dagar að meðaltali frá lokum gildistíma fyrri samnings á opinberum markaði fram að undirritun nýs samnings, í þessari lotu.

Tími frá lokum gildistíma fyrri samnings að undirritun nýs samnings, dagar.



*Vegið meðaltal eftir fjölda einstaklinga á kjörskrá í hverju félagi.
Heimild: Kjaratölfræðinefnd og eigin útreikningar.

- ✓ Erfitt er að meta samfélagslegt tap vegna þessara tafa. Leiða má enda líkum af því því að hluta tímans mega rekja til samningsaðferða sem skapa raunveruleg verðmæti fyrir félagsmenn stéttarfélaganna á Íslandi. Líklegt er þó að í töfunum felist einnig tapaður tími sem meta má sem allra tap fyrir samfélagið, ígildi fórnarkostnaðar sem nemur tapaðri vinnustund. Hafa ber hér í huga að verðmætasköpun á vinnustund á Íslandi var 10.500 kr. árið 2020.